

Sp. 313. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Pétur Sigurðsson, Valdimar Indriðason, Halldór Blöndal, Þorsteinn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að rannsóknir og veiðar á Íslandsmiðum utan efnahagslögsögunnar verði stundaðar í vaxandi mæli.

Greinargerð.

Ljóst er að Íslendingar eiga þýðingarmikilla hafsbotsréttinda að gæta á Reykjanes-hrygg, Rockall-Hatton-hásléttu og Jan Mayen-svæðinu. Þessi réttindi ná ótvírætt til þeirra lífvera sem á hafsbotninum eru. Réttindi til uppsjávarveiða munu og vafalítið, er tímar líða, falla til þeirra sem botninn eiga og fiskimiðin hagnýta.

Nú þegar illa horfir um fiskveiðar innan efnahagslögsögunnar liggur í augum uppi að okkur ber að rannsaka og hagnýta fiskimið okkar utan hennar, auk þess sem nýting þeirra verður þung á metunum þegar endanlega verður skorið úr um eignar- og hagnýtingarrétt á þeim víðáttumiklu hafsvæðum sem hér er um að tefla. En reglur á þessu sviði hafréttarins eru nú í mótun.